

Akureyrarkaupstaður  
Skipulagssvið  
Pétur Ingi Haraldsson

Akureyri 12. apríl 2019

**Efni: Beiðni um framlengingu á fresti til þess að hefja framkvæmdir á lóðinni við Hafnarstræti 80**

Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum þann 12. mars s.l. beiðni Norðurbrúar ehf. um frestun á byggingarframkvæmdum til 1. maí 2018 en samkvæmt fundargerð ráðsins féllst það á rök umsækjanda um óvissu í ferðaþjónustunni og samþykkti umbeðin frest á þeim forsendum.

Eins og allir þekkja raungerðist það sem óvissuna hefur skapað og hefur annað íslensku flugfélagana farið í þrot. Gríðarleg óvissa er nú til staðar í greininni og óvíst um áhrifin, sérstaklega á Norðausturlandi. Vonast er til að þrátt fyrir högg í sumar muni þessi staða jafna sig fyrr heldur en síðar. Það er von og trú Norðurbrúar að svo verði. Þrátt fyrir þessa miklu óvissu hafa Norðurbrú og samstarfsaðili þess nýlega endurnýjað viljayfirlýsingu með sérstökum viðauka um áframhaldandi samstarf sem miðast við að unnið yrði á sama grunni og áður ef aðstæður skapast til að fara í þetta verkefni.

Skapist aðstæður er stefnt að því að gera leigusamning á sama grunni og áður og afla lánsfjármögnunar í framhaldinu. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður er það mjög jákvætt að samstarfsaðili Norðurbrúar hafi áhuga á því að kanna málið til þrautar. Lýsir það trú leiðandi fagaðila í hótélrekstri á Akureyri sem góðum kosti fyrir uppbyggingu gistirýmis til lengri tíma lítið.

Í fyrri erindum hefur það verið rakið hvað hefur orsakað tafir á verkefninu til þessa og flest varðar það yrti þætti sem lítið hefur verið við að gera. Norðurbrú hefur þegar fjárfest umtalsvert í lóðinni og undirbúningi verkefnisins. Þeir fjármunir hafa legið ávöxtunarlausir. Þrátt fyrir þetta og mikla óvissu í ferðaþjónustu hefur Norðurbrú og eigandi þess áhuga á því að reyna til þrautar hvort mögulegt verði að koma þessu verkefni á.

Ljóst er af framangreindu að úr því sem komið er verða ekki hafnar framkvæmdir á lóðinni í sumar. Enginn leigusamningur liggur á borðinu né lánsfjármögnun jafnvel þó svo leigusamningur við sterkan leigutaka lægi fyrir. Afstaða félagsins er sú að ef ekki liggja fyrir næsta vetur samningar um leigu og lánsfjármögnun verkefnisins þá um vorið eða síðla vetrar mun félagið leggja af áform sín um að reisa hótél á lóðinni og snúa sér að öðru verkefnum á þessu sviði og um leið semja við skipulags- og bæjaryfirvöld um önnur not lóðarinnar eða skil á henni.

Með tilliti til framangreindra aðstæðna og sjónarmiða óskar félagið eftir fresti fram til 30. mars 2020 til þess að taka ákvörðun um framkvæmdir á lóðinni og fresti til 30. maí 2020 til þess að hefja framkvæmdir á lóðinni. Vegna sérstakrar stöðu málsins er félagið tilbúið til þess að upplýsa skipulagsyfirvöld með reglubundum hætti um framgang og stöðu málsins á tímabilinu.

Virðingarfyllt,

F.h Norðurbrúar ehf.

*Einarur Gesevan*